

Mál nr. 58/1999

**M
og
Vátryggingafélagið V v/B
og
Vátryggingafélagið Y v/fjölskyldutryggingar.**

Tjón á sófa þegar maður ældi á hann þ. 02.04. 1997.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.10.3.1999.
2. Bréf V dags. 29.3.1999.
3. Tjónstilkynning dags. 21.7.1997.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 751/1997

Málsatvik.

M segist hafa fengið magakveisu þegar hann var í heimsókn og hafi hann ælt yfir brúnan leðursófa og sitji stórir og ljótir blettir eftir í sófanum eftir þetta atvik og krefst M bóta vegna þessa úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu á þeim forsendum, að tjónið hafi hlotist af óhappi, sem að M verði ekki um kennt og beri hann því ekki skaðabótaábyrgð á tjóninu.

Álit.

Umrætt óhappatilvik verður að sögn M kl. 1 um nótt. Í málskoti segir M, að hann hafi veikt og hafi ekkert verið við það ráðið. Í málinu er ekki sýnt fram á sök M þannig, að um bótaskyldu V geti verið að ræða úr fjölskyldutryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

Tjónið er ekki bótaskyldt úr fjölskyldutryggingu M hjá V.

Reykjavík 13.4. 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.